



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2023

Efni: Umsögn, frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), 535. mál.

Með tölvupósti Nefnda- og greiningarsviðs Alþingis 13. febrúar sl. var Landssambandi lögreglumanna gefinn kostur á að færa fram umsögn um ofangreint frumvarp til breytinga á lögreglulögum sem nú er til meðferðar í Allsherjar- og menntamálanefnd.

Fyrri hluti frumvarpsins felur í sér tillögur um breytingar er varða eflingu á heimildum lögreglu í þágu afbrotavarna, einkum hvað varðar skipulega brotastarfsemi og öryggi ríkisins, valdbeitingu og valdbeitingartæki lögreglu o.fl., sem einnig var fjallað um í þingmáli nr. 57/2022 á síðasta löggjafarþingi. Landssamband lögreglumanna sendi meðfylgjandi umsögn dags 22. mars 2022 um þessi efni og er vísað til þeirrar umsagnar um þessi brýnu málefni. Landssamband lögreglumanna styður þær breytingar í þágu afbrotavarna og um valdbeitingu og valdbeitingartæki sem núverandi frumvarp kveður á um og voru einnig með sambærilegum hætti í fyrra frumvarpi. Seinni hluti þessa frumvarps felur aftur á móti í sér ákvæði er varðar annars vegar nýtt embætti gæðastjóra lögreglu og hins vegar ákvæði um að styrkja nefnd um eftirlit með lögreglu. Verður hér á eftir fjallað um þetta tvennt en hér er um að ræða ákvæði 1. greinar b frumvarpsins, 4. grein og 5. grein.

Í upphafi tekur Landssamband lögreglumanna skýrt fram að félagið styður og er fylgjandi því að eftirlit með störfum lögreglu sé virkt og sterkt. Landssamband lögreglumanna telur aftur á móti mjög mikilvægt að eftirliti með störfum lögreglu sé ekki hagað til framtíðar með þeim hætti að lögreglumenn búi við tvöfalt eða jafnvel þrefalt eftirlitskerfi með störfum sínum, en fyrirliggjandi tillögur ásamt núverandi stöðu þessara mála munu óhjákvæmilega hafa slíkt í för með sér. Þannig blasir við að auk eftirlits einstakra lögreglustjóra og embættis ríkissaksóknara á gundvelli laga sem um störf og starfshætti lögreglu gilda, svo og rannsóknar- og saksóknarforræðis embættis héraðssaksóknara á meintri refsiverðri háttsemi lögreglumanna í starfi, yrði nefnd um eftirlit með lögreglu styrkt ásamt því sem búið væri til nýtt embætti gæðastjóra lögreglu. Að mati Landssambands lögreglumanna kallar þetta á allt of mikið flækjustig, hættu á óljósri og ómarkvissri verkaskiptingu milli aðila, ásamt því sem margir fleiri gallar eru á fyrirliggjandi tillögum. Felur þetta í sér margfalt og mjög íþyngjandi eftirlitskerfi með störfum lögreglumanna og réttaróvissu. Brýnt er því að einfalda sem mest þetta eftirlit.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Því miður gerir fyrirbyggjandi frumvarp ekki annað en að flækja eftirlitið til muna. Hefur ekkert samráð verið haft við Landssamband lögreglumanna, sem er stéttar- og fagfélag lögreglumanna, um þær fyrirætlanir sem nú birtast, um að styrkja nefnd um eftirlit með lögreglu í þeirri mynd sem frumvarpið ber með sér, né heldur um hið nýja embætti gæðastjóra lögreglu. Er það í senn dapurlegt og ber vott um slaka stjórnsýslu. Að mati Landssambands lögreglumanna eru nú þegar fyrir hendi nægjanleg réttarúrræði og lagareglur sem ná yfir viðfangsefnið. Þá er mikilvægt í allri þessari umræðu að hafa í huga að ákvæði laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 fela m.a. í sér úrræði sem borgurum eru tæk, m.a. um að leggja undir héraðsdóm ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda sbr. 2. mgr. 102. gr. laganna. Þá getur borgari farið fram á bætur vegna meðferðar sakamáls sbr. 39. kafla laga um meðferð sakamála. Má samkvæmt öllu framansögðu fullyrða að engin starfsstétt á Íslandi muni búa við meira eftirlit en lögreglumenn í starfi, nái frumvarpið fram að ganga í óbreyttri mynd.

Í 1. grein b frumvarpsins er lögð skylda á héraðssaksóknara, lögreglustjóra og þ.m.t. ríkislögreglustjóra að afhenda innra gæðaeftirliti þær upplýsingar sem það þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Gæðastjóri lögreglu fer með stöðu eftirlitsins og skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Að mati Landssambands lögreglumanna er þetta engan veginn nægjanlega skýr framsetning þar sem annars vegar væri heppilegra að notast við eitt og sama hugtak „gæðastjóra” í ákvæðinu þannig að skyldan næði til þess að afhenda gæðastjóra en ekki innra gæðaeftirliti. Hins vegar er í engu getið um skyldu annarra dómsmála- og löggæsuýfivalda til afhendingar gagna en í þeim efnunum er í engu getið embættis ríkissaksóknara sem þó er æðsti handhafi ákærvaldsins, getur gefið lögreglustjórum bindandi fyrirmæli um rannsóknir sakamála og fer með mikilvægt eftirlits- og samræmingarhlutverk samkvæmt lögum. Forræði sakamáls, gögn þess o.fl. kann á þeim tímapunkti sem gæðastjóri lögreglu hyggst hefja meðferð sína á máli, að vera hjá embætti ríkissaksóknara. Um afhendingu gagna gilda að auki ákvæði laga um meðferð sakamála, hér einkum 37. og 47. grein laganna, þar sem aðgangur að gögnum sakamáls miðast við sakborning og verjanda hans, brotþola og réttargæslumann hans. Enn fremur gilda reglur/fyrirmæli ríkissaksóknara um aðgang að gögnum sakamáls sem er lokið. Í engu er tekið á þessum atriðum með frumvarpinu, samspil reglna og heimilda um gögn og gagnaafhendingu í engu getið og því hefði þurft að vinna þessar tillögur betur að mati Landssambands lögreglumanna. Bent er einnig á þagnarskylduákvæði laga um meðferð sakamála og lögreglulaga. Að auki er ekki útilokað að gæðastjóri kynni við meðferð mála að þarfnast gagna frá öðrum aðilum, m.a. Fangelsismálastofnun ríkisins vegna úrræða sem tengjast fullnustu refsinga, flutningi fanga/sakamanna, o.fl.

Um 4. grein frumvarpsins þar sem segir að ráðherra skipar gæðastjóra lögreglu til fimm ára er margt að segja. Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirætlanir um hæfisskilyrði og

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

að um stöðu gæðastjóra fari að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um fimm ára skipunartíma o.fl. Hins vegar eru gerðar veigamiklar athugasemdir um að hlutverk gæðastjóra er með öllu óskýrt samkvæmt frumvarpinu og engan veginn ljóst í hverju störf hans felast, hvort og hvernig þau skarist við störf nefndar um eftirlit með lögreglu o.fl. Eru þessi mikilvægu atriði algerlega óútskýrð og óljós með öllu. Greinargerð með frumvarpinu ber heldur ekki með sér skýringar. Æskilegt er að þegar nýtt eftirlitsembætti er sett á laggirnar séu ákvæði um markmið, hlutverk, verkefni, skörun við önnur stjórnvöld, ákvæði um gögn, upplýsingar, o.fl. útfærð með mun nákvæmari hætti heldur en fyrirleggjandi frumvarp ber með sér. Landssamband lögreglumanna getur því ekki stutt fyrirleggjandi tillögur frumvarpsins sem ákvæði um nýtt embætti gæðastjóra lögreglu fela í sér.

Um 5. grein frumvarpsins sem felur annars vegar í sér breytingu á 2. mgr. 35. grein lögreglulaga um skipan og starfskjör nefndarmanna nefndar um eftirlit með lögreglu, og hins vegar nýja málsgrein um formann nefndarinnar, hæfisskilyrði hans, auglýsingu og kjör, er fyrst að tilgreina að Landssamband lögreglumanna gerir ekki athugasemdir við þetta síðarnefnda, þ.e. hæfisskilyrði formanns, tilhögun auglýsingar starfsins og ákvæði um launakjör. Veiðamiklar athugasemdir eru aftur á móti gerðar um fyrrnefnda atriðið og fyrirætlanir um breytingu á 2. mgr. 35. grein er varðar skipan nefndarinnar. Fela tillögurnar í sér að nefndarmönnum er fjölgað úr þremur í fimm. Engin nefndarmanna kemur frá lögreglu eða ákærvaldi sem þó hafa með dagleg störf, starfsumhverfi og meðferð sakamála að gera á hverjum einasta degi. Engin þeirra nefndarmanna sem frumvarpið gerir ráð fyrir að séu skipaðir, býr yfir sérþekkingu á störfum og starfsumhverfi lögreglu og lögreglumanna eða er með sértæka reynslu á þeim sviðum sem eftirlitinu er þó ætlað að beinast að. Landssamband lögreglumanna hefur áður vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á þessu atriði og er andvígt núverandi tilhögun á skipan nefndarinnar. Fyrirleggjandi frumvarp um fjölgun nefndarmanna gerir ekki annað en að bæta í þá andstöðu og felur í sér að sérþekking nefndarmanna verður á sviði mannréttinda, sviði lögmennsku, verjendastarfa og starfa réttargæslumanns brotþola, á sviði dómstóla og réttarfars, háskólamenntunar- og fræðasamfélags og verkefna ráðuneytisins og stjórnarráðsins. Lögreglumenn sætta sig illa við að ekki sé í nefndinni nefndarmaður sem hefur sérþekkingu og reynslu af störfum og starfsumhverfi lögreglumanna og tilnefndur er annað hvort af ákærvaldinu eða lögreglunni. Um er að ræða fimm nefndarmenn og jafnmarga til vara. Til þess að tryggja nægjanlega sérþekkingu á störfum og starfsumhverfi lögreglu verður einn nefndarmanna að koma úr röðum lögreglunnar sjálfrar eða ákærvaldsins. Þetta mætti útfæra með ýmsum hætti, t.d. að ríkissaksóknari eða Landssamband lögreglumanna myndi tilnefnda einn nefndarmann sem byggi yfir þessari sérþekkingu og reynslu á störfum og starfsumhverfi lögreglu. Afar mikilvægt er að tryggja það að skipan nefndarinnar endurspegli breiðari sérþekkingu en

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

nú er enda verið að fjalla um störf og starfshætti lögreglumanna í nefndinni. Á lögreglu og ákærvaldi hvílir einnig mjög rík og lögbundin þagnarskylda. Eins og eftirlitsnefndin er samsett er hættu á að aðrir hagsmunir en hagsmunir lögreglu og rannsókna sakamála verði ofan á í málsmeðferð, umræðu og orðræðu einstakra nefndarmanna. Má geta um vinnubrögð nefndarinnar í svonefndu „Ásmundarsalarmáli“ sem mikil úlfúð skapaðist um og allt of langt var gengið í að upplýsa um einkasamtöl lögreglumanna sem tengdust ekkert því sakamáli og lögregluaðgerð sem uppi var. Mjög mikil óánægja er meðal lögreglumanna með starfshætti sem þessa og traust þeirra til nefndarinnar hefur beðið hnekki. Þá eru einnig og því miður dæmi þess að einstakir nefndarmenn hafi tjáð sig með þeim hætti opinberlega á undanförunum árum, að segja má að traust lögreglumanna til nefndarinnar hafi beðið enn frekari hnekki. Með umsögn þessari fylgir bréf Landssambands lögreglumanna til dómsmálaráðuneytisins dags. 4. nóvember 2021 sem skýrir þetta nánar, þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við ummæli nefndarmanns sem féllu á opinberum vettvangi. Þetta sem hér er nefnt styður eindregið við nauðsyn þess að í nefnd um eftirlit með lögreglu eigi sæti einn nefndarmaður og annar til vara sem tilnefndur er af fulltrúum lögreglu eða ákærvalds.

Líkt og með breytingar sem lúta að nýju embætti gæðastjóra hefur ekkert samráð verið haft við Landssamband lögreglumanna um fyrirætlanir um breytingar á nefnd um eftirlit með lögreglu. Þó liggur fyrir að eftiltíð beinist að félagsmönnum Landssambands lögreglumanna og er í reynd stórundarlegt að viðlíka samráðsleysi skuli vera uppi. Leggst Landssamband lögreglumanna alfarið gegn breytingum frumvarpsins um gæðastjóra lögreglu og nefnd um eftirlit með lögreglu. Landssamband lögreglumanna styður hins vegar breytingar frumvarpsins er varða eflingu á heimildum lögreglu í þágu afbrotavarna, hvað varðar skipulega brotastarfsemi og öryggi ríkisins, valdbeitingu og valdbeitingartæki lögreglu. Að síðustu gerir Landssamband lögreglumanna ekki athugasemdir við tillögu 6. greinar frumvarpsins sem kveður á um skyldu til að skila Alþingi skýrslu ár hvert, né heldur um 7. grein frumvarpsins um að lækka aldurslágmark nema í starfsnámi úr 20 árum í 19 ár. Landssamband lögreglumanna styður þessar tvær tillögur enda eru þær settar fram með þeim hætti að bera með sér vandaðan undibúning og ákvæðin eru rökstudd með skýrum og málefnalegum hætti í greinargerð frumvarpsins.

Með umsögn þessari fylgja tilvitnuð gögn, annars vegar umsögn Landssambands lögreglumanna í samráðsgátt stjórnvalda vegna máls 57/2002 frá 22. mars 2022, og hins vegar bréf landssambandsins til dómsmálaráðuneytisins frá 4. nóvember 2021.


Fjólnir Sæmundsson formaður LL / 
Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri LL



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Umsögn Landssambands lögreglumanna vegna máls nr. 57/2022 í samráðsgátt stjórnvalda.

Með birtingu í samráðsgátt stjórnvalda er lagt til umsagnar stjórnarfrumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 sem miða að því markmiði að skýra og efla heimildir lögreglu til aðgerða í þágu afbrotavarna, einkum hvað varðar skipulagða brotastarfsemi og öryggi ríkisins. Felur frumvarpið einnig í sér ákvæði um valdbeitingu og valdbeitingartæki lögreglu.

Að mati Landssambands lögreglumanna hefur lengi legið fyrir að stofnanauppbygging og lagaheimildir lögreglu til afbrotavarna eru veikari hér á landi en í nágrannaríkjunum. Á þetta er bent í frumvarpinu og fjallað um stöðuna í helstu nágrannaríkjum Íslands. Líkt og fjallað var um í tillögum starfshóps dómsmálaráðherra um öryggismál 5. október 2006, hafa heimildir lögreglu yfirvalda til rannsóknar mála verið því marki brenndar að þær hafa fram til þessa að mestu miðast við rannsóknir á refsiverðri háttsemi, annað hvort á grundvelli kæru eða vegna þess að fyrir liggur rökstuddur grunur um afbrot eða rannsóknir eftir að afbrot hefur verið framið. Hafa heimildir laga um meðferð sakamála og ýmis ákvæði annarra laga á afmörkuðum verkefnasviðum að geyma ákvæði um meðferð mála. Skort hefur á heimildir yfirvalda til aðgerða í viðleitni til að sporna gegn alvarlegum afbrotum áður en afbrot er framið eða rökstuddur grunur um brot hefur kviknað. Hafa heimildir í þessa veru verið lengi við lýði í flestum nágrannaríkjum og alþjóðasamningar á sviði skipulagðrar glæpastarfsemi, peningaþvættis og hryðjuverka hafa flestir að geyma ákvæði í þessa veru.

Að mati Landssambands lögreglumanna er full ástæða til að styðja fyrirbyggjandi frumvarp enda felur það í sér löngu tímabæra og mikilvæga þróun réttarúrræða lögreglu til handa svo hún geti með sem bestum hætti annast lögbundið hlutverk sem henni er skylt að gera samkvæmt l. gr. lögreglulaga. Samkvæmt ákvæðinu er lögreglu m.a. ætlað það hlutverk að að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi svo og einnig að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Fjöldamargar skýrslur og álit erlendra réttarvörslustofnana bera með sér umfjöllun um að skipulögð glæpastarfsemi þrífst fremur í ríkjum þar sem afbrotavarnir og lagaumhverfi er veikara fyrir en ella. Fyrir liggur að helstu nágrannaríki Íslands eru að þessu leyti betur í stakk búin við að geta greint og aflað upplýsinga og þannig unnið markvisst að aðgerðum í þágu afbrotavarna. Að mati Landssambands lögreglumanna felur frumvarpið í sér löngu tímabærar úrbætur.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Þá er einnig fagnað sérstaklega þeirri réttarbót sem frumvarpið felur í sér um valdbeitingu og valdbeitingartæki lögreglu enda eðlilegt að um slíkt sé fjallað í þeim sérlögum sem fjalla og gilda um lögregluna en ekki sé þar eingöngu við að styðjast almenn ákvæði í öðrum lögum. Er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða frá gildandi ákvæðum.

Brýnt er að nálgast umræðu og umfjöllun um afbrotavarnir og úrræði lögreglu af yfirvegum og án upphrópana. Fyrir liggur að sérstök nefnd hefur eftirlit með störfum lögreglu samkvæmt gildandi lögum. Lögreglan í landinu nýtur mikils trausts samkvæmt öllum mælingum og brýnt er að henni sé áfram treyst fyrir mikilvægum samfélagsverkefnum og hagsmunum. Mikilvægur liður í störfum lögreglu er vernd borgaranna. Líta verður til helstu nálgarnaríkja í samanburði, og þá einkum til Noregs út frá m.a. stöðu í alþjóðasamfélagi, stofnanauppbyggingu, lagaumhverfi, samfélagsgerð, o.fl. þáttum. Lögreglan á Íslandi á ekki að vera verr sett að þessu leyti með afbrotavarnir og úrræði en lögregla í nágrannaríkjunum. Lögreglu á Íslandi er þegar ætlað lögbundið hlutverk að þessu leyti líkt og áður er vikið að samkvæmt 1. grein lögreglulaga, en hana skortir aftur á móti nægjanlega styrk úrræði til að geta annast þetta mikilvæga hlutverk með fullnægjandi hætti.

Efni fyrirbyggjandi frumvarps er í samræmi við erindi sem Landssamband lögreglumanna hefur sent dómsmálaráðuneytinu á undanförunum misserum. Landssamband lögreglumanna fagnar frumkvæði dómsmálaráðherra í málinu, styður frumvarpið og telur brýnt að þær réttarúrbætur sem það felur í sér nái fram að ganga.

Reykjavík, 22. mars 2022,

f.h. Landssambands lögreglumanna

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson,

framkvæmdastjóri



Landssamband lögreglumanna
Kt. 540574-0149



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Landssambands lögreglumanna vegna ummæla lögmans sem á sæti í nefnd um eftirlit með lögreglu, að þjóðfélagsstaða ráði meðferð sakamála, höfð eftir í fjölmíðlum og af ráðstefnu um réttlætið í samfélaginu.

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu og á Vís.is 27. október 2021 er fjallað um viðhorf sem rakin eru til erindis sem lögmaðurinn Þorbjörg Inga Jónsdóttir var með á ráðstefnu um réttlætið í samfélaginu sem haldin var á Hólum í Hjaltadal 22. október sl. með yfirskriftinni „Er farið í manngreinarálit, réttlæti og stéttir.“ Viðhorf og ummæli sem höfð eru eftir lögmanninum bera með sér rangfærslur og ávirðingar í garð lögreglu þar sem gefið er í skyn að lögregla mismuni brotapolum og grunuðum sakamönnum við skýrslutöku í kynferðisbrotamálum. Eru þau viðhorf tilgreind að máli skipti hvort viðkomandi sé Íslendingur eða útlendingur hvort heldur sem um er að ræða brotþola eða grunaða sakamenn. Hreimur skipti máli við skýrslugjöf hjá lögreglu og vantrú aukist með hreim. Sé þolandi með fikni- eða geðheilbrigðissögu sé viðkomandi síður trúað. Barnaverndarkerfið umbuni líka hvítum miðaldra körlum, sérstaklega þeim sem klæðist bestu jakkafötunum. Er haft eftir lögmanninum að það skipti mjög miklu máli hver þú ert og hver brýtur á þér í nauðgunarmálum. Ef þú ert hvítur karlmaður í jakkafötum færðu betri framgang hjá lögreglu og dómstólum. Er einnig sett fram gagnrýni á málsmeðferðartíma í kynferðisbrotamálum og tilgreint að meðaltími rannsókna alvarlegra glæpamála svo sem nauðgunar geti orðið tvö til tvö og hálf ár hjá lögreglu. Er í þessu sambandi m.a. fullyrt að ef svikið sé undan skatti ljúki máli á nokkrum mánuðum. Þarna komi fram gildismat löggjafans og framkvæmdavaldsins um að meira máli skipti að skattalagabrot séu rannsökuð heldur en brot gegn einstaklingum.

Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrár skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Um rannsóknir sakamála gilda ákvæði laga nr. 88/2008 og er sérstaklega mælt fyrir um rannsóknir í 2. þætti laganna, köflum VII.-XV. Þá gilda jafnframt ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996 og er hér einkum vísað til 13. gr. um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Landssamband lögreglumanna hafnar alfarið þeim ávirðingum sem framangreind ummæli lögmansins bera með sér og fordæmir að lögreglu sé með þessum hætti spyrnt saman við mismunun á grundvelli í þjóðernis, uppruna og kynþáttar, mismunun á grundvelli stéttar og stöðu og kyns. Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir staðhæfingum lögmansins og lögregla einsetur sér að fara í einu og öllu eftir þeim lagafyrirmælum sem um störf hennar gilda. Þá gagnrýnir Landssamband lögreglumanna það einnig að lögmaðurinn sem jafnframt er skipaður af dómsmálaráðherra til setu í nefnd

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

um eftirlit með störfum lögreglu viðhafi ummæli með þeim hætti sem hér er lýst og telur það ekki samrýmast stöðu hans sem nefndarmanns í nefnd um eftirlit með störfum lögreglu. Eru ummælin og það sem eftir lögmáninum er haft til þess fallið að lögreglumenn geti með réttu dregið í efa óhlutlægni nefndarmannsins við þau mikilvægu störf sem nefnd um eftirlit með störfum lögreglu hefur með höndum. Lögreglumenn sem eiga allt undir því að nefndin vinni heiðarlega og málefnalega í verkefnum sínum verða að geta treyst því að meðferð kvartana og mála er varða störf lögreglumanna hljóti réttláta málsmeðferð hjá eftirlitsnefndinni. Er það mat Landssambands lögreglumanna að ummæli þau sem vísað er til og munu hafa fallið á tilvitnaðri ráðstefnu sem svo eru einnig höfð eftir hlutaðeigandi lögmánni í fjölmiðlum séu óheppileg og fá ekki samrýmst stöðu lögmánsins sem nefndarmanns í framangreindri nefnd.

Í ljósi ávirðinganna er ekki hjá því komist að hvetja til þess að embætti ríkissaksóknara verði falin rannsókn á starfsháttum lögreglu í landinu við skýrslutökur af brotaþolum og gerendum, enda er það embætti ríkissaksóknara sem fer með yfirstjórn rannsókna sakamála á landsvísu og sinnir samræmingar- og eftirlitshlutverki um framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum og héraðssaksóknara. Samkvæmt 21. gr. laga um meðferð sakamála getur ríkissaksóknari gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni. Hefur ríkissaksóknari gefið út fyrirmæli til lögreglustjóra og héraðssaksóknara um meðferð skattalagabrota, um tilkynningar til brotaþola og réttargæslumanna, um rannsóknaráætlanir og greiningu sakamála, um kærur og kvartanir á hendur starfsmanni lögreglu, fyrirmæli er varða meðferð kynferðisbrotamála svo og einnig um málsmeðferðartíma, meira og minna allt atriði sem lögmaðurinn gerir að umtalsefni. Ummæli lögmánsins fela í sér ávirðingar um lögbrot af hálfu lögreglu og því er mikilvægt að embætti ríkissaksóknara verði falin rannsókn á fyrirliggjandi ávirðingum í garð lögreglu.

Um störf nefndar um eftirlit með lögreglu gilda reglur 222/2017 sem settar eru af dómsmálaráðherra með heimild í VII. kafla lögreglulaga. Ekki verður séð að reglurnar hafi að geyma sérstök ákvæði er varðar þagnarskyldu nefndarmanna um þau mál og verkefni sem nefndin hefur með höndum. Einungis er um að ræða ákvæði í 8. gr. þar sem segir að um málsmeðferð fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en þau lög hafa að geyma ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna ríkisins, ásamt því sem ákvæði lögreglulaga hafa að geyma þagnarskylduákvæði í 22. gr. er beinast að lögreglumönnum og öðru starfslíði lögreglu. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og atvika sem upp hafa komið og varða með einum eða öðrum hætti störf nefndarinnar, kann að vera full ástæða fyrir dómsmálaráðherra að endurskoða reglur sem gilda um störf nefndarinnar með þeim hætti að leitast við að tryggja að nefndarmenn séu ekki að tjá sig opinberlega eða í fjölmiðlum um afstöðu sína til málefna eða verkefna sem varða viðkvæma brotaflokka, samfélagsmál eða viðfangsefni, sem getur haft í för með sér að draga megi með réttu í efa hlutlægni þeirra við nefndarstörfin. Þótt vissulega verði framangreind ummæli sem hér hefur verið fjallað um ekki rakin til sérstaks eða tilgreinds sakamáls er mikilvægt að nefndarmenn gæti að orðum sínum í opinberri umræðu og framsetningu og styðjist hið minnsta við áþreifanleg gögn máli sínu til stuðnings en ekki upplifun sína eða tilfinningarök. Sérstaklega þegar haft


LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

er í huga að málsmeðferðartími hefur verið að stytta á undanförunum árum í kynferðisbrotamálum samkvæmt upplýsingum og gögnum frá embætti héraðssaksóknara auk þess sem stjórnvöld hafa á umliðnum árum veitt auknum fjármunum í brotaflokkinn og embætti ríkissaksóknara hefur þar að auki mælt fyrir um að hraða skuli málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi hjá héraðssaksóknara og lögreglustjórum skulu vera nauðgunarmál, mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum, ofbeldi í nánum samböndum sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára. Skýtur þannig skökku við að ekki séu sérstaklega tilgreind þagnarskylduákvæði um eftirlitsnefndina sem fjallar um viðkvæm gögn er varða sakamál og meðferð sakamála, á meðan ákærendur og lögreglumenn eru bundnir ströngum þagnarskyldureglum samkvæmt ákvæðum laga í tengslum við störf sín sem og eftir að látið er af starfi. Er þetta ekki síst mikilvægt í ljósi þess að nefndin vinnur með upplýsingar og gögn úr sakamálum og er skipuð með þeim hætti sem raun ber vitni, svo og í ljósi sjálfstæðis nefndarinnar sem er með þeim hætti að ákvörðunum hennar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Þá er það mat Landssambands lögreglumanna að þau ár sem nefndin hefur verið að störfum hafi ýmsir hnókrar komið fram sem bera með sér að á skorti faglega breidd í störfum nefndarinnar. Þannig er ekki gert ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti fulltrúi sem hefur til að bera sérþekkingu á starfsumhverfi lögreglu og starfsreynslu úr lögreglu eða hjá ákærvaldi. Væri æskilegt að endurskoða skipan nefndarinnar með það í huga að embætti ríkissaksóknara eða Landssamband lögreglumanna myndi tilnefna einn nefndarmann og annan til vara sem væru ekki í starfi hjá lögreglu eða ákærvaldi en hefðu þó til að bera þá sérþekkingu og reynslu af störfum og starfsumhverfi lögreglu sem nauðsynlegt er að nefndarmadur í eftirlitsnefnd með störfum hennar hafi. Fyrir liggur að í nefndinni eiga nú sæti tveir lögmenn, annar tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands og hinn af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og einn sérfræðingur ráðuneytisins sem tilnefndur er af ráðherra. Núverandi tilhögun á skipan nefndarinnar stenst ekki skoðun í ljósi framangreinds að mati Landssambands lögreglumanna. Án vafa þætti það óásættanlegt fyrirkomulag ef tveir lögreglumenn ættu sæti í úrskurðarnefnd sem fjallar um störf og starfshætti lögmanna, svo dæmi sé tekið. Er fullt tilefni til að meta reynslu af störfum og regluverki nefndarinnar nú þegar nokkur ár eru liðin frá því hún var sett á laggirnar, leiðrétta þann halla sem fyrir er að þessu leyti og byggja þannig upp nauðsynlegt traust.

Er full ástæða til að ráðuneytið taki framangreind atriði til skoðunar.

Landssamband lögreglumanna
Reykjavík 4. nóvember 2021


Fjölur Sæmundsson formaður

Afrit: Allir lögreglustjórar